

## 9. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 121 12. desember 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

### 1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt öðrum lögum.

Andvirði ísfisks, sem fluttur er út umfram veitt útflutningsleyfi skal renna í Fiskimálasjóð og greiðast beint til hans af banka þeim, sem umráð hefir hér yfir andvirðinu. Getur atvinnumálaráðherra eftir ástæðum varið því, að meira eða minna leyti, til þess að bæta öðrum útflytjendum, sem sannanlega hafa orðið fyrir tapi af hinum ólöglega útflutningi, tjón það, er þeir hafa þannig orðið fyrir. Sé aðeins um smámuni að ræða, sem flutt hefir verið út umfram leyft fiskmagn og ætla má, að ekki hafi af ásettu ráði verið farið fram yfir hið leyfða, getur ráðherra heimilað, að allt andvirðið verði greitt útflytjanda.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með lögum nr. 120 12. desember 1935, um breyting á lögum nr. 76 29. desember 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. hefir, að því er virðist fyrir vangá, í meðferð Alþingis, verið felld niður 14. gr. laga nr. 76 1934, sem hafði að geyma refsíákvæði fyrir brot á fiskimálanefndarlögum og ákvæði um meðferð mála út af slíkum brotum.

Með frumvarpi þessu er atlast til, að ofangreint refsíákvæði og málsmeðferðar-ákvæði verði aftur sett inn í heildarlögin nr. 121 1935.

Það hefir komið í ljós, að nokkrir togarar hafa flutt út mun meira magn af ísfiski, en þeir hafa haft leyfi til, einkum til Þýskalands, og hefir þetta orðið til þess að bægja öðrum skipum frá sölu í þeim mánuði, sem þau höfðu leyfi fyrir, þannig að orðið hefir að færa leyfi þeirra yfir á næsta mánuð vegna ofútflutnings annara. Er með ákvæðinu í síðari mgr. 1. gr. ætlast til að bót verði ráðin á þessu.